

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, kt. 580417-0780, Sölvholsgötu 7, 150 Reykjavík, f.h. ríkisins, í samningi þessum nefnt verkkaupi og Isavia ohf, kt. 550210-0370, Reykjavíkurflugvelli, í samningi þessum nefnt verksali, gera með sér svohljóðandi þjónustusamning (grunnsamning) um flugvallarekstur á grundvelli 40. gr. laga nr. 123/2015 um lög um opinber fjármál.

## 1. Markmið og gildissvið

- 1.1. Markmið þessa samnings er að tryggja rekstrargrundvöll þeirra flugvalla sem ekki eru rekstrarlega sjálfbærir en gegna mikilvægu hlutverki út frá almannajónustuhlutverki sínu og skapa þjóðhagslegan ávinnung.<sup>1</sup> Jafnframt er markmið með samningnum að rekstur flugvalla sé í samræmi við önnur markmið stjórnvalda, m.a. um að rekstur og þjónusta, flugvalla og lendingarstaða sé framkvæmd á öruggan og þjóðhagslega hagkvæman hátt, í samræmi við skilgreint þjónustustig, lög, reglugerðir Samgönguáætlun og þjóðréttarlegar kröfur og samninga.
- 1.2. Verksali mun veita þá almannajónustu sem í rekstri flugvallanna fellst með takmörkunum sem leiða af fjármögnum þjónustunnar. Í staðin greiðir verkkaupi endurgjald til að mæta kostnaði af almannajónustuhlutverkinu sem nemur markaðsbresti í rekstri flugvallanna með hliðsjón af innheimtum gjöldum af notendum og annara tekna, sbr. viðauka V.
- 1.3. Samningurinn tekur til reksturs flugvalla og lendingarstaða, ráðgjöf og verkefnaþáttöku sem verksali veitir á flugvöllum ríkisins.
- 1.4. Þjónustan er margþætt og skal uppfylla kröfur laga og reglna í samræmi við ákv. 2. gr.
- 1.5. Þjónusta verksala skal veitt á jafnræðisgrundvelli, taka mið af þörfum notenda og gjaldtaka vegna hennar vera í samræmi við ákvæði samningsins, reglur sem um hana gildir og ákvörðun verkkaupa á hverjum tíma.
- 1.6. Þjónusta verksala skal taka mið af markmiðum og áherslum þjónustukaupanda.

## 2. Lagahemildir og forsendur samnings

- 2.1. Samningur þessi er gerður m.a. í samræmi við heimild 10 gr. laga nr. 102/2006 um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands sbr. lög nr. 153/2009 um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar sem og á grundvelli laga um loftferðir nr. 60/1998.
- 2.2. Samningur þessi er gerður skv. heimild í 1. mgr. 40 gr. laga nr. 123/2015 opinber fjármál, um rekstur og afmörkuð verkefni til lengri tíma en eins árs.
- 2.3. Forsenda greiðslna er að verksali veiti umsamda þjónustu í samræmi skyldur hans skv. samningnum. Verkkaupa er óheimilt að stöðvar greiðslu nema verksali hafi átt kost á að bæta úr annmörkum.
- 2.4. Verksala er óheimilt að stofna til fjárhagslegra skuldbindinga eða gera aðrar þær ráðstafanir sem leitt geta til þess að hann fái ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 2.5. Fjárhagsleg skuldbinding ríkisins samkvæmt samningi þessum á samningstímabilinu verður aldrei hæri en fjárveiting í fjárlögum hvers árs á fjárlagalið, Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.
- 2.6. Samningurinn er gerður með fyrirvara um breytingar sem kunna að verða á lögum sem varða efni samnings á samningstímanum.
- 2.7. Með samningi þessum fylgja viðaukar merktir  
Viðauki I Þjónustukröfur vegna reksturs flugvalla.

---

<sup>1</sup> SGEI Service of General Economic Interest

Viðauki II Ríkiseignir í umsjón Isavia.

Viðauki III Staða flugvalla gagnvart flugvallarreglugerðum 75/2016 og 464/2007 og flugverndarreglugerð 750/2016.

Viðauki IV Gjaldskrá innanlandskerfis.

- 2.8. Viðaukar skv. 2.7. sem og aðrir viðaukar sem aðilar gera með sér á grundvelli ákvæða samningsins skulu vera órjúfanlegur hluti hans. Á nýju almanaksári skal verksali uppfæra viðaukana m.v. s.l. áramót og senda verkkaupa tillögur að breytingum á viðaukum svo fljótt sem auðið er, ekki seinna en í febrúar. Á samráðsfundi skulu endurskoðaðir viðaukar samþykktir og teljast þá hluti þessa samnings.
- 2.9. Sé misrämi á milli ákvæða í viðaukum og samningnum skulu ákvæði samningsins ganga framar.

### 3. Ábyrgð verksala og þjónusta

#### *Almennt*

- 3.1. Samningur þessi er um rekstur, ráðgjöf og verkefnaþáttöku. Þjónusta samkvæmt samningnum er nánar skilgreind í samningnum og viðaukum hans.
- 3.2. Verksali ber ábyrgð á framkvæmd samningsins og tekur að sér að tryggja fullnægjandi starfsemi við alla þjónustuþætti sem samningurinn nær til.
- 3.3. Verksali skuldbindur sig til að taka við nýjum verkefnum á þeim sviðum sem samningurinn tekur til og verkkaupi óskar eftir enda verði samið um þá þjónustu sérstaklega.
- 3.4. Verksala ber að geta sýnt fram á hvenær sem er að hann uppfylli viðeigandi kröfur til flugöryggis og flugverndar samkvæmt íslenskum lögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra og alþjóðlegum skuldbindingum.
- 3.5. Verksali skal leggja fram úttektaráætlun sem lögð er til grundvallar eftirliti Samgöngustofu með honum. Jafnframt skal hann veita verkkaupa aðgang að úttektum opinberra aðila á starfsemi hans. Verksali skal einnig taka saman þjónustumælikvarða um eftirtalda þjónustuþætti og skulu þeir vera að lágmarki einn innan eftirtalinna mælisviða:
  - a. rekstur flugvalla í þjónustuflokki A,
  - b. rekstur flugvalla í þjónustuflokki B,
- 3.6. Verksali skal halda verkkaupa upplýstum um öll alvarleg frávik frá starfseminni sem lúta að öryggi og gæðum þjónustu og veita upplýsingar um kennitölur í rekstrinum þ.m.t. þær er lúta að hagkvæmni rekstrar.

#### *Rekstur flugvalla, annarra en Keflavíkurflugvallar*

- 3.7. Verksali tekur að sér rekstur flugvalla og lendingarstaða sem tilgreindir eru í **viðauka I**.
- 3.8. Vegna smæðar ofangreindra flugvalla og lendingarstaða, í umferð talið, er ekki talið mögulegt að reka þá á á efnahagslega sjálfbærar hátt. Flestir eru flugvellirnir og lendingarstaðirnir afskekktir en samfélagslegur ávinningur af þeim er mikill þrátt fyrir að þeir hafi ekki sjálfstæðan rekstrargrundvöll án framlaga úr ríkissjóði. Á því er m.a. byggt í samningi þessum.
- 3.9. Þjónusta verksala felst í rekstri og viðhaldi fasteigna, flugvalla, lendingarstaða og búnaði sem nauðsynlegur er fyrir starfsemina og tilgreindur er í **viðauka II**. Nánar er um að ræða athafnasvæði flugvéla svo sem flugbrautir, ljósabúnað, öryggissvæði og hlöð, bílastæði, flugstöðvar og aðrar fasteignir, vélbúnað, flugleiðsögu- og fjarskiptabúnað, flugprófanir, ásamt öðru. Undir þennan hluta þjónustusamnings telst almennt minniháttar viðhald. Til minniháttar viðhalds telst viðhaldi fasteigna innandyra, þó ekki vatns- og frárennslislagnir og daglegt viðhald mannvirkja. Verksali skal tryggja að ástand eigna rýrni ekki sökum vanrækslu eða vanhirðu sem rekja má til hans. Til meiriháttar viðhalds teljast m.a. viðhaldsframkvæmdir á flugbrautum, á fasteignum utandyra og lögnum, meiri háttar uppbygging eða endurbætur núverandi mannvirkja og gerð nýrra mannvirkja.
- 3.10. Flugvöllum og lendingarstöðum er í viðauka I skipt í þjónustuflokka A, B og C og er fyrir hvern þjónustuflokk skilgreint þjónustustig sem verksali tekur að sér að veita með samningi

SI

M

- þessum á öllum stöðum í viðkomandi þjónustuflokki. Jafnframt er í viðaukanum skilgreind sú þjónusta sem veita skal á hverjum einstökum flugvelli eða lendingarstað fyrir sig.
- 3.11. Í viðaukum I og III er jafnframt yfirlit yfir þá þætti er tengast þjónustu á flugvöllum og lendingarstöðum ásamt stöðu þeirra málaflokka miðað við reglugerð um flugvelli og flugverndarreglugerð.
- 3.12. Verði af óviðráðanlegum ástæðum að skerða þjónustustig tímabundið, skulu liggja fyrir því ríkar og málefnalegar ástæður. Skerðing á þjónustu skal ekki gerð nema með samþykki verkkaupa nema ákv. 1. ml. eigi við eða í samræmi við ákv. 3.19.
- 3.13. Ekki skal aukið við þjónustu að kröfu verkkaupa nema samið sé um það við verksala áður og afstaða tekin til þess hvort sérstök greiðsla komi fyrir.

#### Ráðgjöf og verkefnapháttaka

- 3.14. Verksali veitir verkkaupa almenna ráðgjöf á sviðum samningsins.
- 3.15. Verksali tekur þátt í þeim almennu samgönguverkefnum sem tilgreind eru á hans verkssviði í þingsályktun um fimm ára samgönguáætlun og stýrihóp um vinnslu þeirra.

#### Vátryggингar

- 3.16. Verksali skal auk lögboðinna trygginga taka fullnægjandi ábyrgðartryggingu vegna flugleiðsögu og flugvallarþjónustu.
- 3.17. Verksali skal kaupa lögboðnar tryggingar vegna þeirra eigna sem honum eru lagðar til skv. samningnum.
- 3.18. Verkkaupa er hvenær sem er á samningstíma heimilt að kynna sér gildi trygginga og skilmála þeirra. Þá skal verksali upplýsa verkkaupa ef hagsmunir fást ekki lengur vátryggðir.

#### Upplýsingaskylda

- 3.19. Verksali skuldbindur sig til að upplýsa verkkaupa þegar í stað, megi honum vera ljóst, að hann getur ekki staðið við samninginn, að öllu leyti eða hluta, hvort sem er af fjárhagslegum eða faglegum ástæðum eða vegna óviðráðanlegra ytri atvika.
- 3.20. Verksali skal senda verkkaupa árlega rekstraráætlun vegna þeirra flugvalla sem falla undir samning þennan. Verksali skal einnig senda verkkaupa rekstraráætlun vegna flugvallanna fyrir næsta ár um leið og hún liggar fyrir og upplýsa um verulegar forsendubreytingar áætlunar, ef við á. Rekstraráætlun ársins 2019 skal vera fylgiskjal við samning þennan.
- 3.21. Verksali skal gera endurskoðaðan ársreikning ársins á undan aðgengilegan á heima síðu sinni fyrir lok júní ár hvert.. Verksali skal árlega senda verkkaupa skýrslu þar sem greina skal frá helstu lyktölum sem og ráðstöfun greiðslna samkvæmt samningi þessum. Einig skal í skýrslunni greint frá rekstri þeirra þjónustuþáttu sem samningurinn kveður á um sem og notkun þjónustu liðins árs.
- 3.22. Ríkisendurskoðun er endurskoðandi verksala og hefur aðgang að öllum rekstrarlegum gögnum um verksala eftir þeim reglum sem um slíkt gilda. Heimilt er verkkaupa að fá allar þær rekstrarlegu upplýsingar og gögn sem teljast nauðsynleg til að skoða stöðu verksala hverju sinni fyrir milligöngu Ríkisendurskoðunar.
- 3.23. Verksali skal vinna upplýsingar um veitingu þjónustu samkvæmt samningi þessum í skýrslu um framkvæmd flugmálahluta samgönguáætlunar. Þar skal verksali vinna upplýsingar í skýrsluna um þjónustugjöld og þróun þeirra, framlög úr ríkissjóði, heildarkostnað við veitingu þjónustunnar, sundurlíðað á hvern flugvöll, skiptingu endurgjalds samningsins milli einstakra flugvalla og annarra þjónustuþáttu, þróun flutninga í innanlandsflugsamgöngukerfinu og aðrar upplýsingar skv. beiðni verkkaupa. Skýrslunni skal skila til verkkaupa fyrir lok apríl fyrir liðið almanaksár.

## 4. Fjármögnun

Almennt

- 4.1. Fjárhæðir í samningnum eru settar fram með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunni að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Þannig er heimilt að gera ráð fyrir aðhaldi í rekstri þeirra verkefna sem samningurinn tekur til á sama hátt og hjá ríkisstofnum og öðrum aðilum sem annast um sambærilega starfsemi taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga. Jafnframt er settur fyrirvari um endanlegan rekstrarkostnað og rekstrartekjur þeirra flugvalla og lendingarstaða sem tilgreindir eru í viðauka ef til ofgreiðslu kemur.
- 4.2. Verði fjárveitingar eða hagræðingarkrafa sem lögð er á þjónustuna með þeim hætti að þjónustuvíðmiðum eða öryggiskröfum verður ekki mætt skal verksali leggja til valkosti til að bregðast við þeirri stöðu. Verkkaupi skal taka afstöðu til valkosts sem lagður verði til grundvallar áframhaldandi þjónustu eða leggja til nýjan.
- 4.3. Verkkaupi getur óskað eftir því að verksali vinni upplýsingar um heildarkostnað við veitingu þjónustu og aðrar upplýsingar sem miða að því að skýra tilurð kostnaðar sem lagður er samningi til grundvallar.
- 4.4. Verði umtalsverðar breytingar á kostnaðarforsendum samningsins skal hann tekinn til endurskoðunar ef annar aðili krefst þess

Gjaldtaka á grundvelli laga um loftferðir nr. 60/1998

- 4.5. Gjaldskrá 2019 fyrir þjónustu er að finna í viðauka IV. Gjaldskrá áranna 2020 til 2023 tekur vísitölubreytingu milli ára sem nemur 75% breytingu skv. launavísítölu og 25% breytingu skv. vísítölu neysluverð. Miðað er við septembervísítöllur næst liðinna ára. Verði kostnaðarbreytingar umfram vísítölu með þeim hætti að áhrif hefur á þjónustuvíðmið eða að öryggiskröfum verður ekki mætt skal verksali leggja til valkosti til að bregðast við þeirri stöðu. Verkkaupi skal taka afstöðu til valkosts sem lagður verði til grundvallar áframhaldandi þjónustu eða leggja til nýjan.
- 4.6. Verði breytingar á gjaldskrá á samningstímanum umfram vísitöluhækkanir skal óskað staðfestingar ráðuneytisins á henni. Gjaldskrárhækkanir skal tilkynna til ráðuneytisins.
- 4.7. Verksali skal birta á heimasíðu sinni gjaldskrá sína eins og hún er á hverjum tíma.

Önnur tekjuöflun

- 4.8. Verksali skal eftir fremsta megni sjá til þess að afnot þeirra fasteigna sem honum eru faldar á grundvelli þessa samnings séu með hagkvæmustum hætti fyrir verkkaupa. Þannig er verksala heimilt að afla tekna af þriðja aðila vegna fasteigna, búnaðar og lóða sem hann fær afnotarétt af með samningnum og nýtir ekki sjálfur til framkvæmda á samningi þessum. Leigu- og eða afnotagjöld verksala skulu taka mið af markaðsvirði, ástandi og notkun. Skulu aðilar sem stuðla að flugtengdri eða flugsækinni starfsemi njóta forgangs. Leigutekjur skulu teljast til rekstrartekna.
- 4.9. Einnig er verksala heimilt að afla tekna vegna þjónustu sem veitt er þriðja aðila eða notendum á flugvöllum og lendingarstöðum sem samningurinn tekur til og vegna þjónustu sem veitt er umfram það sem kveðið er á um í samningnum, m.a. vegna óska um þjónustu utan opnunartíma eða viðbótarkrafna Samgöngustofu eða notenda um aukna þjónustu tímabundið. Miðast skal við að slík þjónusta standi undir sér og komi ekki niður á annarri þjónustu sem samið er um á grundvelli þessa samnings.
- 4.10. Heimild verksala til tekjuöflunar miðast þó ávallt við að þjónusta samkvæmt samningnum sé veitt með hagkvæmum og fullnægjandi hætti og önnur samningsákvæði standi því ekki í vegini.

SI

MH

## 5. Ábyrgð verkkaupa

- 5.1. Verkkaupi ber ábyrgð á greiðslum til verksala í samræmi við samninginn.
- 5.2. Endurgjald verkkaupa til verksala fyrir veitta þjónustu á samningstíma kemur af fjárlagalið flugvellir og flugleiðsöguþjónusta og er kr. 1.809.200.000,- árið 2019.
- 5.3. Endurgjald áranna 2020 til 2023, skv. 5.2., tekur vísitölubreytingu milli ára sem nemur 75% breytingu skv. launavísitölu og 25% breytingu skv. vísitölu neysluverð. Miðað er við septembervísitölur næst liðinna ára auk breytinga sem aðilar hafa orðið sammála um og endurspeglast í fjárlögum Alþingis.

## 6. Greiðslutilhögun

- 6.1. Verkkaupi skal leggja greiðslur samkvæmt samningi þessum inn á bankareikning verksala.
- 6.2. Greiðslur endurgjalds skulu inntar af hendi með jöfnum mánaðarlegum greiðslum eigi síðar en fimmta virka dag hvers mánaðar á samningstíma. Greiðslur eru greiddar fyrir líðandi mánuð.
- 6.3. Greiðslur samkvæmt samningnum eru háðar því að verksali standist úttektir skv. 9. gr. með fullnægjandi hætti..

## 7. Afnutaréttur af eignum

- 7.1. Ríkissjóður er eigandi að fasteignum, og mannvirkjum á flugvöllum og flugbrautum, ásamt viðkomandi afnotarétti lands þar sem það á við, sbr. eignalista í viðauka II. Auk þess á ríkið aðrar eignir sem tilheyra þeirri þjónustu sem verksali tekur að sér með samningnum og eru þær lagðar til verksala. Nánar er kveðið á um eignaskiptingu og eignarhald í viðauka II.
- 7.2. Verksali tekur með samningi þessum á sig skyldur eiganda gagnvart þriðja aðila skv. gr. 7.1. Í því felst m.a. eignaumsýsla hvers konar, umsjón með skráningu fasteigna (bæði lands og mannvirkja) í landskrá fasteigna með tilheyrandi gerð og frágangi viðeigandi skjala, lóðarleigusamninga og eignaskiptayfirlýsinga þar sem slíkt skortir og þinglýsingu þar sem það á við.
- 7.3. Verksali fer fyrir hönd eiganda með stjórnun og skipulag flugvallarsvæða í samræmi við loftferðalög, reglugerð um flugvelli og önnur lög og reglur. Þetta felur m.a. í sér að kosta og annast gerð skipulagsreglna skv. loftferðalögum, fyrir flugvelli í flokki I, ráðstafa eignum, og að skipuleggja og samræma starfsemi allra aðila á flugvöllunum, í samræmi við þær, gefa út starfsleyfi til þeirra og innheimta gjöld fyrir veitta þjónustu í samræmi við lög og reglur hverju sinni.
- 7.4. Verksala er óheimilt að veðsetja fasteignir í eigu ríkissjóðs.

## 8. Heimild til að ráða undirverktaka

- 8.1. Verksala er óheimilt að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum nema eftir því sem kveðið er á um í þessari grein.
- 8.2. Verksala er heimilt að ráða undirverktaka til að annast tiltekin verkefni eða hluta þjónustunnar sem samningurinn kveður á um um enda ber hann endanlega ábyrgð á framkvæmd þjónustunnar.
- 8.3. Undirverktakar sem ráðnir eru af verksala skulu sýna fram á að áreiðanleiki og gæði þeirrar þjónustu sem þeir taka að sér að veita, sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til verksala. Er verkkaupa heimilt að kalla eftir öllum upplýsingum um undirverktaka því til staðfestingar, telji hann það nauðsynlegt.



- 8.4. Verksali ber ábyrgð á framkvæmd verka undirverktaka og aðstoðarfólks hans gagnvart verkkaupa.

## 9. Eftirlit með framkvæmd samningsins

### *Almennt*

- 9.1. Eftirlit verkkaupa með þjónustusamningnum byggir á innra eftirliti verksala sem skuldbindur sig til að reka og viðhalda gæðakerfi með úttektum samkvæmt viðurkenndum aðferðum og samráði við samningsaðila. Verksali gerir úttektaráætlun í upphafi hvers árs og sendir verkkaupa.
- 9.2. Verkkaupi hefur rétt til að kynna sér gæðakerfi verksala þar á meðal með úttektum á einstökum skyldum verksala. Á samráðsfundum samkvæmt gr. 11.3 skal gera grein fyrir stöðu innra eftirlits og veitta þjónustu samkvæmt samningnum. Auk þess skal gerð grein fyrir horfum og fyrirsjáanlegum frávikum ef einhver kunna að reynast.
- 9.3. Verkkaupa og verksala er heimilt að óska eftir úttekt Ríkisendurskoðunar á framkvæmd þjónustusamningsins ef hann telur ástæðu til.

### *Eftirlit með rekstri*

- 9.4. Eftirlit verksala skiptist í þrennt;
1. eftirlit með starfsleyfum;
  2. eftirlit með alþjóðlegum vottunum og kröfum (samþykktum);
  3. eftirlit með innri úttektum á öðrum skyldum verksala samkvæmt samningnum.
- 9.5. Skyrslur um framvindu eftirlitsins sem og árshlutauppgjör skulu vera tiltækar fyrir verkkaupa. Ef um samningsfrávik er að ræða sem kunna að hafa áhrif á framkvæmd samningsins ber verksala tafarlaust að tilkynna það til verkkaupa.
- 9.6. Rekstur flugvalla er starfsleyfisskyld starfsemi. Samgöngustofa gefur út viðeigandi starfsleyfi þar sem kveðið er á um öryggis- og gæðastjórnunarkerfi með tilheyrandi skipulögðu innra eftirliti og hefur eftirlit með því að ákvæði þeirra og skilyrði séu uppfyllt.
- 9.7. Í þeim tilvikum sem verksali er skuldbundinn til að fara eftir alþjóðlegum viðurkenndum gæðastöðlum.
- 9.8. Verksali skuldbindur sig til að framkvæma í það minnsta eina innri úttekt á ári hverju. Slík úttekt er einnig hluti af öryggis- og gæðastjórnunarkerfum verksala.

## 10. Vanefndir, vanefndaúrræði og meðferð ágreiningsmála

- 10.1. Efni verksali ekki samningsskyldur sínar samkvæmt samningi þessum að mati verkkaupa eða eftirlitsaðila skal senda verksala athugasemdir og veita hæfilegan frest til úrbóta eftir atvikum.
- 10.2. Ráðuneytið getur dregið úr greiðslum til verksala samkvæmt samningi þessum eða frestað þeim á meðan úrbætur hafa ekki farið fram. Verkkaupi getur jafnframt stöðvað greiðslur og endurkrafið um þær uppfylli verksali ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Auk þessa getur verkkaupi krafið verksala um bætur vegna hugsanlegs tjóns sem kann að hljótast vegna vanefnda verksala. Tilkynning um vanefndir skal vera skrifleg og send verksala með sannanlegum hætti.
- 10.3. Hafi verksali ekki bætt úr annmörkum samkvæmt framangreindu er verkkaupa heimilt að fresta greiðslu eða beita öðrum vanefndaúrræðum laga, þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar. Verksali á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað samkvæmt þessari grein
- 10.4. Ef verksali/verkkaupi vanefnir frekari samningsskyldur sínar getur verkkaupi/verksali rift samningnum. Samningi þessum verður þó eigi rift nema vanefndir séu verulegar enda hafi verkkaupi áður gert verksala viðvart skriflega og sett honum hæfilegan frest til úrbóta

SC

- 10.5. Verði annar hvor samningsaðila fyrir hindrunum við að uppfylla samningsskyldur sínar gagnvart hinum aðilanum af alvarlegum ófyrirsjáanlegum atburðum (force majeure), þar með talið, en þó ekki tæmandi, hvers konar náttúruhamförum, ófriði, stríði, geislavirkni, uppbótum, aðgerðum hryðjuverkamanna eða öðrum þeim ytri aðstæðum sem samningsaðilar gátu ekki séð fyrir og ráða ekki yfir, freastast viðkomandi skyldur til þess tíma er atburður er afstaðinn og samningsaðilar geta uppfyllt samningsskyldur sínar.
- 10.6. Skal sá samningsaðili sem verður fyrir hindrunum skv. þessu ákvæði láta hinn samningsaðila vita um leið og fyrrgreindar aðstæður eru fyrirsjáanlegar eða liggja fyrir.
- 10.7. Hvorugur samningsaðila á þá kröfu á hendur hinum að öðru leyti en hvað varðar skaðabótakröfur sem stofnast hafa áður en til frestunar vegna framangreindra hindrana kom.
- 10.8. Komi upp ágreiningur milli samningsaðila um framkvæmd samnings þessa skulu aðilar leitast við að leysa úr því með samkomulagi. Í því skyni skal boða til fundar í samráðshópi samkvæmt gr. 11.3 þar sem reynt skal að útkljá viðkomandi deilumál.
- 10.9. Öll ágreiningsmál sem upp kunna að koma milli verkkaupa og verksala vegna samningsins og ekki næst samkomulag um er heimilt að leggja fyrir gerðardóm sem skal skipaður þremur mönnum. Skal hvor samningsaðili skipa einn í gerðardóm en einn skal skipaður af óháðum aðila sem samningsaðilar eru sammála um. Náist ekki sátt um óháða aðilann skal hann skipaður af Héraðsdómi Reykjavíkur. Niðurstaða gerðardóms skal vera bindandi um ágreiningsefnið og verður henni ekki áfrýjað til dómstóla.
- 10.10. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli. Um samning þennan gilda íslensk lög. Komi til þess að deilumál vegna samnings þessa fari fyrir dómstóla skal reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 11. Gildistími og lok samnings

- 11.1. Samningurinn gildir frá og með 1. febrúar 2019 og gildir til og með 31.desember 2023. Samningnum lýkur á umsömdum tíma án uppsagnar eða annarra aðgerða af hálfu samningsaðila, sbr. þó tölulið 11.7.
- 11.2. Til að tryggja að framkvæmd samnings þessa verði með þeim hætti sem stefnt er að, skulu samningsaðilar setja á stofn samráðshóp. Í honum eiga sæti fulltrúar beggja samningsaðila, einn frá hvorum aðila auk annarra aðila, sem samningsaðilar telja nauðsynlegt að sækji fundi samráðshópsins hverju sinni.
- 11.3. Boða skal til samráðsfundar að lágmarki twisvar á ári í janúar og september, með 20 daga fyrirvara hið minnsta, í því skyni að fara yfir framkvæmd samningsins auk þeirra verkefna sem eru fram undan og falla undir þjónustu verksala samkvæmt samningnum og hvernig skuli standa að þeim.
- 11.4. Telji annar hvor samningsaðila að forsendur samnings þessa hafi breyst á gildistíma hans getur hann óskað eftir viðræðum um endurskoðun, hvort sem er einstakra ákvæða eða samningsins í heild, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 11.5. Óski annar hvor samningsaðila eftir að semja um áframhald eftir gildistíma samningsins skal hann koma því á framfæri 13 mánuðum áður en samningurinn rennur út. Við ákvörðun um áframhaldandi samstarf skulu til viðbótar við upplýsingar skv. gr. 3.18.-3.23., m.a. liggja fyrir upplýsingar um árangursmat gildandi samnings, mat á þörf fyrir þjónustu og markmið með nýjum samningi.
- 11.6. Verkaupi skal hefja endurskoðun samningsins í síðasta lagi 13 mánuðum fyrir lok gildistíma hans og fyrr ef ástæða er til svo sem vegna skýrslugjafar eftirlitsaðila, sbr. grein



11.5. Við ákvörðun um endurskoðun samningsins skal m.a. leggja til grundvallar hvort markmið samkvæmt samningnum hafi náðst auk þess sem höfð skal hliðsjón af niðurstöðum úttekta og eftirlits eftirlitsaðila.

11.7. Verkkaupa er heimilt, hvenær sem er á samningstíma, að segja samningi þessum fyrirvaralaust upp telji hann þjónustu þeirri sem samningur þessi hljóðar um betur fyrir komið með öðrum hætti en hjá verksala enda sýni verkkaupi fram á slíkt með skýrum og ótvíraðum hætti. Verkkaupa er jafnframt heimilt að segja upp samningi þessum ef breytingar verða á fyrirkomulagi rekstrar flugvalla sem falla undir þennan samning samkvæmt ákvörðun stjórnvalda.

11.8. Uppsagnarfrestur samnings þessa er 12 mánuðir. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega og sent gagnaðila með sannanlegum hætti.

11.9. Atriði sem teljast til breytinga á stöðu og högum og heimila fyrirvaralausa uppsögn teljast meðal annars eftirfarandi, en ekki er um tæmandi upptalningu að ræða:

- a. ef verksali leitar nauðasamninga,
- b. ef gert er árangurslaust fjárnám hjá verksala,
- c. ef krafist er gjaldþrotaskipta hjá verksala, eða
- d. breytingar verða á fyrirkomulagi rekstrar innanlandsflugvalla

Við uppsögn samkvæmt ákvæði þessu skulu verksali og verkkaupi semja um áframhaldandi greiðslur til handa verksala til að tryggja hagsmuni starfsmanna verksala, svo sem vegna launa í uppsagnarfresti.

11.10. Allar tilkynningar, hverju nafni sem þær nefnast, sem gert er ráð fyrir að samningsaðilar sendi samkvæmt samningi þessum skulu sendar með tölvupósti eða öðrum sannanlegum hætti til eftirfarandi aðila:



**Hjá verkkaupa:**


nafn: Friðfinnur Skaftason  
tölvupóstur: fridfinnur.skaftason@srn.is; postur@srn.is  
heimilisfang: Sölvhólsgötu 7,101 Reykjavík


**Hjá verksala:**

nafn: Sigrún Björk Jakobsdóttir  
tölvupóstur: sigrun.jakobsdottir@isavia.is  
heimilisfang: Skrifstofum Isavia, flugturni, Reykjavíkurflugvelli. Ákveði samningsaðilar að breyta tilnefndum tengilið skv. samningnum er heimilt að gera það með tilkynningu í samræmi við 11.11.  
Samningurinn skal gerður í þremur samhljóða eintökum og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins. Eitt eintak skal vera í vörlu ráðuneytisins, annað í vörlu verksala og það þriðja í vörlu fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Samningur þessi er undirritaður með fyrirvara um staðfestingu fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Reykjavík, 3. júní 2019

  
f.h. samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis

  
f.h. Isavia  
  
Staðfesting fjármála- og efnahagsráðuneytis